

AUGLÝSING

um nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendu



Sveitarfélagið Bláskógabyggð auglýsir eftir aðilum til að nýta lóð innan Biskupstungnafréttar. Lóðin sem um ræðir er við Skálpanes L238157 sbr. deiliskipulag dags. 06.04.2020. Á lóðinni eru aðstöðuhús fyrir ferðamenn og aðstöðuhús fyrir starfsmenn í einka-eigu. Sú kvöð fylgir lóðinni undir fjallaselinu að leigu-taka er skylt að leysa til sín öll mannvirki á henni óski eigendur þeirra eftir því.

Umrætt svæði er á þjóðlendu (Biskupstungnafrétti) skv. úrskurði óbyggðanefndar frá 21. mars 2002 í máli nr. 4/2000. Í ljósi þess þarf leyfi sveitarfélagsins Bláskógabyggðar til að nýta land og landsréttindi á svæðinu, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlenda og áfrétta. Jafnframt þarf samþykki forsætisráðuneytisins þar sem umrædd nýting á að vara lengur en til eins árs, sbr. 2. mgr. 3. gr. sömu laga.

Skilmálar sem einkum verður litið til við ákvörðun um leyfisveitingu á umræddu svæði eru eftirfarandi. Ekki skal litið svo á að röðun þeirra gefi til kynna vægi einstakra skilmála innbyrðis. Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum ef það metur umsóknir ekki fullnægjandi og uppfylli ekki markmið sveitarfélagsins vegna lóðarinnar.

- þekking viðkomandi aðila á þessu svæði,
- hvernig viðkomandi hyggst nýta lóðina í þeim tilgangi að hafa þar þjónustu fyrir ferðamenn og aðra sem eiga leið um svæðið,
- frágangur mannvirkja og annarrar starfsemi. Sveitarfélagið mun sérstaklega líta til þess að frágangur verði með þeim hætti að samræmist landslagi vel og stingi ekki í stúf við umhverfið að öðru leyti,
- þekking og reynsla viðkomandi aðila af rekstri gisti- og afþreyingarþjónustu, s.s. gistihúsa, fjallaskála eða annarrar þjónustu við ferðamenn á miðhálandinu,
- reynslu af gerð og viðhaldi göngustíga og annarra ferðaþjónustutengdra mannvirkja,

- upplýsingar um gæða- og öryggiskerfi viðkomandi aðila, þar á meðal upplýsingar um öryggisáætlun eða drög að slíkri áætlun. Í slíkri áætlun skulu m.a. vera eftir því sem við á, viðbragðsáætlanir vegna jöklaferða og ferða í íshella, sem taka m.a. til slysa á fólki, falls í jökulsprungu, atviks ef farþegi verður viðskila við hóp, hruns í íshelli, súrefnisþurrðar í íshelli og CO₂/CO eitrunar í íshelli,
- hvernig viðkomandi aðili hyggst lágmarka álag á umhverfið, þar á meðal upplýsingar um umhverfis-markmið, skipulag orku- og efnanatkunar, viðbrögð við mengunaráhöppum og um meðferð og geymslu á eldsneyti, olíu og olíuúrgangi,
- hvað viðkomandi aðili vill greiða háa leigu fyrir notkun á umræddum reit og til hversu langs tíma. Sveitarfélagið mun í ljósi samkeppnissjónarmiða leitast við að fá markaðsverð fyrir leigu á umræddu svæði og að leigutími sé ekki til lengri tíma en 25 ára. Lágmarksleiga er kr. 2.000.000 á ári og verður leiguverð bundið vísitölu neysluverðs.

Upplýsingar um deiliskipulag svæðisins má nálgast hjá skipulagsfulltrúa á skrifstofu Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., Hverabraut 6, Laugarvatni, og á vefslóðinni <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/display.aspx?numer=15662>.

Áhugasamir aðilar vinsamlegast sendið umsókn um nýtingu á umræddu svæði þar sem fram koma upplýsingar um það hvernig umsækjandi uppfyllir framangreinda skilmála og hugmyndir umsækjanda um leiguverð og nýtingu svæðisins. Umsókn skal senda til sveitarfélagsins Bláskógabyggðar, eigi síðar en 9. maí nk. á netfangið asta@blaskogabyggd.is. Frekari upplýsingar veitir sveitarstjóri Bláskógabyggðar í síma 480-3000. Netfang sveitarstjóra er asta@blaskogabyggd.is.

Bláskógabyggð
Aratungu, Reykholti
806 Selfoss